

## 005/01 - Björgvin EA 311

Björgvin EA-311, skipverji hverfur frá borði að veiðum úti fyrir Austfjörðum.

### Björgvin EA 311

**Skipaskr.nr.:** 1937

**Smíðaður:** Noregi 1988 stál

**Stærð:** 498,00 brl; 1.142,00 bt

**Lengd:** 50,53 m **Breidd:** 12,00 m **Dýpt:** 7,30 m

**Vél:** Deutz 1.850,00 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 24

### Atvikalýsing

Hinn 26. janúar 2001 var bv. Björgvin EA-311 að veiðum út af Austfjörðum. Veður: norðaustan 3-4 vindstig, éljagangur, hiti 4-5° C, sjávarhiti 2,5°.

Veiðarfæri var tekið inn og kastað aftur rétt eftir miðnætti og togað um nóttina og voru þeir, sem voru á vakt, í aðgerð á afla alla nóttina. Hefðbundin vaktaskipti fóru fram kl. 00:30 og frívaktin fór inn. Veiðarfærið var híft upp um vaktaskiptin kl 06:30 og þegar lokið var við að kasta veiðarfærinu aftur og þeir skipverjar sem höfðu verið á veiðarfæraþilfari komu niður á vinnsluþilfar kom í ljós að einn skipverjann á vaktinni vantaði.

Var þegar hafin leit í skipinu að skipverjanum en án árangurs. Var skipstjórinn vakinn og haft samband við nærstödd skip og strandstöð um að eins skipverja væri saknað um borð. Fjöldi nærstaddra skipa hífðu nn veiðarfæri og fram fór víðtæk leit að hinum horfna. Leitarskilyrði voru ekki góð, myrkur, éljagangur og sjó gáraði. Leitað var með ljóskösturum á meðan myrkur var. Varðskip kom á vettvang nokkru síðar og einnig flugvél Landhelgis-gæslunnar TF-SYN.

Eftir komu varðskips á vettvang var leit frá skipunum undir stjórn og leiðsögn skipstjórnarmanna varðskipsins. Var leitað stórt hafsvæði beggja vegna togslóðar skipsins síðustu klukkustundirnar og leitað fram í myrkur en leit bar engan árangur.

### Nefndarálit

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Málið afgreitt af: I.T. E.R. H.S. P.Á. P.J.

Gögn í málinu:

Lögregluskýrslur

Gögn úr sjóprófi

Skýrslur Landhelgisgæslu